



Fundargerð

Boðandi	Jón Baldur Lorange	Dagsetning	30.6.2026
Ritari	Ingibjörg Guðmundsdóttir	Tími	11:00 – 00:00
Staðsetning	TEAMS	Málsnúmer	MAR25030003
Þátttakendur	Kjartan Dige Baldursson, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Jón Baldur Lorange.		
Fjarverandi	Gunnar Guðmundsson formaður		

133. fundur Fiskeldissjóðs 30. júní 2026

Dagskrá:

1. Yfirferð á lokaskýrslum.
2. Staðan vegna frumvarpsins um lagareldi.
3. Önnur mál.

Ákvarðanir

- Jón Baldur fór yfir vinnureglur eða nokkurs konar gátlista sem hægt væri að styðjast við þegar lokaskýrslur eru rannsakaðar. Þessar reglur þarf þó að skoða í með tilliti til reglna sem giltu á hverjum tíma.
- Farið var yfir lokaskýrslur frá Vesturbyggð :
Verkefnið Húsnæði leikskóla, Börn breyta heiminum – Tálknafjarðarhreppur þá þarf að fá frá Vesturbyggð upplýsingar hvort verkefnið hafi verið minnkað eða framkvæmt hafi verið með hagkvæmari hætti sem skýrir lægri raunkostnað en áætlun sýndi.
Með önnur verkefni hjá Vesturbyggð sem gert var athugasemd við þá þarf að vera lýsing á verkefninu og raunkostnað verkefna að fylgja lokaskýrslum ásamt myndum, sjá nánar upplýsingabeiðnir frá starfsmönnum sjóðsins til Vesturbyggðar.
- Múlaþing lokaskýrsla um Slökkvistöð á Djúpavogi var ekki samþykkt. Óskað hefur verið eftir ítarlegri gögnum frá Múlaþingi vegna verkefnisins.
- Upplýst var að frumvarpið um lagareldi fór ekki í gegn á Alþingi og ljóst að stjórn verður að auglýsa eftir styrkjum að nýju á árinu 2027.
- Næsti stjórnarfundur verður haldinn í lok ágúst eða byrjun september, þar sem rætt verður um fyrirkomulag úthlutunar á næsta ári.
- Samþykkt að skoða með að færa umsýslu sjóðsins inn í Afurð, stafrænt stjórnsýslukerfi atvinnuvegaráðuneytisins, þar sem haldið er utan um Matvælasjóð og framkvæmd búvörusamninga.
- Fundargerðin verður borin undir Gunnar formann sjóðsins eftir fundinn til að upplýsa hann og fá fram hans afstöðu til þess sem fór fram á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:48